

Barnatrygging 2

Staðlað upplýsingarblað um tryggingu



SKILMÁLIL-11

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínun síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Barnatrygging 2?

Barnatrygging 2 verndar barn fyrir framtíðartekjutapi vegna slysa og veikinda, sem geta haft varanlegar afleiðingar fyrir heilsu þess. Auk þess kemur hún til móts við foreldra sem kunna að verða fyrir tekjumissi eða útgjöldum vegna veikinda barns. Í Barnatryggingu 2 eru börn tryggð óháð áhættumati og er gildissvið hennar þrengra en Barnatrygging 1.



Hvað bætir tryggingin?

Örorkubætur

- ✓ Örorkubætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku af völdum sjúkdóms eða slyss.
- ✓ Bætur til forráðamanns vegna örorku barns.
- ✓ Bætur vegna aðhlynningar ef hinn váttryggði er innlagður á sjúkrahús og/eða þarfnast sólarhrings aðhlynningu heima fyrir.

Sjúkdómabætur

- ✓ MS (heila- og mænusigg)(Multiple Sclerosis).
- ✓ Krabbamein (Cancer).
- ✓ Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour).
- ✓ Sykursýki (Diabetes Mellitus 1).
- ✓ Alvarleg brunasár (Third Degree Burns).
- ✓ Slímseigjusjúkdóm (Cystic Fibrosis).
- ✓ Liðagigt (barna liðagigt/langvinn liðagigt)(Juvenile Rheumatoid Arthritis).
- ✓ Blindu (Blindness).
- ✓ Alnæmi (AIDS).

Sálfræðiþjónusta við börn

- ✓ Váttryggingin greiðir sálfræðiþjónustu verði váttryggður fyrir áfalli vegna andláts foreldris eða forráðamanns, líkamsárásar eða ofbeldi þ.m.t. kynferðisofbeldi, greiningar á einhverjum þeim sjúkdómi sem trygging þessi bætir eða eineltis.

Dánarbætur

- ✓ Dánarbætur vegna andláts barns.

Iðgjaldafrelsi

- ✓ Félagið greiðir iðgjald tryggingarinnar ef váttryggingartaki yngri en 65 ára fellur frá á gildistíma hennar. Tryggingin þarf að hafa verið í gildi í 24 mánuði þegar andlátíð ber að höndum.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Örorkubætur

- ✗ Sjúkdóma sem sýna einkenni innan þriggja mánaða frá því að váttryggingin tók gildi.
- ✗ Tryggingin nær ekki til sjúkdóma, slysa, líkamságalla eða andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þessi sýnt sig áður en váttryggingin tók gildi.
- ✗ Slysa eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum heimsfaralda sem eru útbreiddir á heimsvísu.
- ✗ Dreyrasýki.
- ✗ Þroskafrávik (t.d. ADHD) athyglisbrestur/ofvirkni, einhverfa, seinþroski, Asperger heilkenni, Tourette sjúkdómur.
- ✗ Flogaveiki.
- ✗ Sjúkdóma í miðtauga- og vöðvakerfi (t.d. CP (heilalömun), vöðvarýrnun).
- ✗ Leiðni- og skyntaugaheyrnatap.
- ✗ Meðfædda fötlun eða litningafrávik (t.d. Downs heilkenni og vansköpuð innvortis líffæri).
- ✗ Geðræna sjúkdóma.
- ✗ Slysa er verða í hvers konar akstursípróttum, bardagaípróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi og fallhlífarstökki og/eða ípróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- ✗ Sjálfsvíg eða sjálfsvígstilraun sem rakin verður til geðrænna sjúkdóma.

Sjúkdómabætur

- ✗ Hvers konar húðkrabbamein.
- ✗ Öll æxli sem er vefjafræðilega lýst sem forstígs-einkennum eða sem einungis sýna snemmbærar illkynja breytingar.
- ✗ Setbundið krabbamein, ekki ífarandi.

- ✗ Blöðrur (cysts) í heila.
- ✗ Hnúða (granulomas) í heila.
- ✗ Heilahimnuæxli (meningiomas).
- ✗ Seilaræxli (choromas).
- ✗ Heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.
- ✗ Sjúkdóma sem sýna einkenni innan þriggja mánaða frá því að váttryggingin tók gildi.
- ✗ Tryggingin nær ekki til sjúkdóma, slysa, líkamságalla eða andlegs seinþroska/proskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þessi sýnt sig áður en váttryggingin tók gildi.
- ✗ Slyss eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum heimsfaraldra sem eru útbreiddir á heimssviðu.
- ✗ Dreyrasýki.
- ✗ Þroskafrávik (t.d. ADHDathygisbrestur/ofvirkni, einhverfa, seinþroski, Asperger heilkenni, Tourette sjúkdómur).
- ✗ Flogaveiki.
- ✗ Sjúkdóma í miðtauga- og vöðvakerfi (t.d. CP (heilalömun), vöðvarýrnun).
- ✗ Leiðni- og skyntaugaheyrnatap.
- ✗ Meðfædda fötlun eða litningafrávik (t.d. Downs heilkenni og vansköpuð innvortis líffæri).
- ✗ Geðræna sjúkdóma.
- ✗ Slyss er verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi og fallhlífarstökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskylðar.
- ✗ Sjálfsvíg eða sjálfsvígstilraun sem rakin verður til geðrænna sjúkdóma.

Sálfræðipjónusta við börn

- ✗ Váttryggingin bætir ekki meðferð ef barnið framkvæmdi eða tók þátt í atburði sem telst refsiverður skv. íslenskum lögum.
- ✗ Sálfræðipjónustu vegna áfalla sem áttu sér stað fyrir 01.01.21
- ✗ Váttryggingin bætir ekki tjón sem rekja má til sjúkdóma, slysa eða áfalla sem áttu sér stað eftir að váttryggingin féll úr gildi eða fyrir gildistöku hennar.
- ✗ Kostnað við sálfræðipjónustu sem er greiddur eftir 18 ára aldur.

Dánarbætur

- ✗ Sjálfsvíg eða sjálfsvígstilraun sem rakin verður til geðrænna sjúkdóma.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Bætur greiðast einu sinni vegna hvers sjúkdóms en váttryggingin gildir áfram fyrir aðra sjúkdóma sem þar koma fram.
- ! Ef greiddar eru sjúkdómabætur greiðast ekki dagpeningar vegna umönnunar á heimili.
- ! Við greiðslu bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku fellur váttryggingin úr gildi.

- ! Bótaskylda er háð því að váttryggður sé á lífi 30 dögum eftir að sjúkdómsgreining hefur fengist.
- ! Dagpeningar greiðast ekki eftir 18 ára aldurs.
- ! Ekki eru greiddar bætur vegna sjúkdóma sem greinast á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar.
- ! Verði tjón sem talið er að váttryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það Verði án ástæðulauss dráttar og ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefnir.
- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggðum ber að kynna sér skilmála tryggingarinnar.
- ! Tilkynna skal um sjúkdóm innan árs frá greiningu.
- ! Hægt er að tryggja börn frá 1 mánaða aldri og gildir tryggingin til 26 ára aldurs.



Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Norðurlöndunum. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

Svara öllum spurningum Varðar vegna áhættumats rétt og af heiðarleika.

Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.

Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.

Tilkynna um búsetubreytingu þar sem búseta getur haft áhrif á ábyrgð félagsins.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínunum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst tryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Váttryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa. Hægt er að tryggja börn frá þriggja mánaða aldri til 18 ára aldurs og gildir tryggingin til 26 ára aldurs.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni skriflega upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu. Iðgjald skal greitt fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.